

Sameiginleg yfirlýsing

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur lagt til við fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis að gerð verði breyting á fjárlagafrumvarpi ársins 2026 þess efnis að fyrirkomulag á jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóða verði með sambærilegum hætti á næsta ári og á yfirstandandi ári.

Fjármögnun verði tímabundin fyrir árið 2026. Jafnframt hefur fjármála- og efnahagsráðherra lagt til við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis tillögu um framlengingu á ákvæði til bráðabirgða í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða um framlengingu bráðabirgðaákvæðis laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, þannig að sjóðunum verði óheimilt á tímabilinu frá 1. september 2025 til 31. desember 2026 að láta almennar hækkanir sem kunna að verða á örorkulífeyrisgreiðslum samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð, leiða til lækkunar á örorkulífeyri sjóðfélaga úr lífeyrissjóði. Hvorutveggja er gert til að skapa svigrúm á meðan niðurstaða fæst í samtal aðila um jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða, m.a. með hliðsjón af gagnvirkri víxlverkunar milli almannatrygginga og lífeyrissjóða.

Af því tilefni hafa Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands hafið viðræður um endurskoðun á þeim þætti kjarasamnings aðila um lífeyrismál frá árinu 1995 sem snýr að afkomutryggingum launafólks sem missir starfsorku vegna veikinda og slysa, með áherslu á aukið vægi starfsendurhæfingar og endurkomu til vinnu. Aðilar hafa þegar hafið eftirfarandi vinnu:

1. Sófnun og greiningu upplýsinga um örorkubyrði almannatrygginga og lífeyrissjóða og áhrif ójafnrar dreifingar hennar á sjóðsfélaga.
2. Undirbúning að tillögum um framtíðarfyrirkomulag sem stuðlar að fyrirsjáanleika og festu í jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða.
3. Undirbúning að lausnum á víxlverkun milli almannatrygginga og lífeyrissjóða.

Gert er ráð fyrir að þessari vinnu ljúki í janúar 2026 með greinargerð til fjármála- og efnahagsráðherra.

Í framhaldinu er stefnt að því að lögð verði upp verkefnaáætlun um hvernig bæta eigi samspil almannatrygginga og lífeyrissjóða og auka virkni á vinnumarkaði með áherslu á starfsendurhæfingu og endurkomu til vinnu án þess að heildarkostnaður samfélagsins vegna veikinda og örorku aukist. Þessi áfangi verður unnin í samvinnu fjármála- og efnahagsráðherra, félags- og húsnæðisráðherra og aðila vinnumarkaðarins í samráði við sérfræðinga á sviði starfsendurhæfingar.

Reykjavík, 17. desember 2025



Alþýðusamband Íslands



Samtök atvinnulífsins



Fjármála- og efnahagsráðuneytið